
Minnisblað

Dagsetning: 13. mars 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands og á landamærum vegna COVID-19.

Þann 24. febrúar 2021 tók gildi reglugerð um takmörkun á samkomum innanlands vegna COVID-19 sem gildir til og með 17. mars 2021. Í reglugerðinni komu til framkvæmda tilslakanir á ýmsum takmörkunum í ljósi góðrar stöðu faraldursins innanlands og einnig vegna hertra aðgerða á landamærum sem tiltekna voru í reglugerð sem tók gildi 19. febrúar 2021 en í henni var m.a. krafist neikvæðs PCR-vottorðs af ferðamönnum fyrir og við komu.

Frá því að reglugerðirnar tóku gildi hefur faraldurinn hér á landi áfram verið í lægð þrátt fyrir mikinn uppgang víðast erlendis en frá 19. febrúar hafa átta einstaklingar greinst innanlands og af þeim voru fjórir í sóttkví. Síðast liðna sjö daga hafa fimm greinst innanland með hið sk. breska afbrigði veirunnar (B.1.1.7) sem álitid er vera meira smitandi en önnur afbrigði og auk þess talið valda meiri veikindum hjá börnum. Þessi fimm smit má rekja til aðila sem framvísaði neikvæðu PCR-vottorði við komu hingað til lands en sá hinn sami var með neikvæða niðurstöðu í fyrstu skimun en jákvæða í þeirri síðari. Vegna þessara smita hafa tæplega 200 manns þurft að fara í sóttkví en á þessari stundu er ekki endanlega séð fyrir umfang smitanna.

Frá 19. febrúar hafa jafnframt 19 einstaklingar greinst með virk smit á landamærum og af þeim voru 10 með neikvæð vottorð um PCR rannsókn fyrir komu. Almennt má segja að smit greinist nú hjá tæplega 1% farþega en um 80% farþega framvísa neikvæðu PCR vottorði en aðrir eru með vottorð um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 eða vottorð um bólusetningu. Flestir sem greinast á landamærunum eru með breska afbrigði veirunnar (B.1.1.7) sem greint er frá hér að ofan.

Á þessari stundu er ástæða til að gleðjast yfir þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni við faraldurinn hér á landi og mikilvægt að varðveita árangurinn með réttum aðgerðum. Rétt er að benda á að í dag eru takmarkanir á Íslandi sennilega þær minnstu af öllum Evrópulöndum.

Til að varðveita þennan árangur er að mínu mati mikilvægt næstu vikur að viðhafa að mestu óbreyttar sóttvarnaráðstafanir innanlands en ég tel jafnframt nauðsynlegt að skerpa á nokkrum aðgerðum á landamærum. Þetta tel ég nauðsynlegt að gera þar til að meira ónæmi hefur náðst gegn veirunni innanlands með aukinni útbreiðslu bólusetninga.

Í ljósi aukinnar útbreiðslu nýrra og meira smitandi afbrigða af veirunni erlendis þá tel ég að með núverandi fyrirkomulagi skimana á landamærum þá geti smit borist inn í landið sérstaklega með börnum og hjá fólki sem ekki fer eftir leiðbeiningum um sóttkví og einangrun. Því tel ég rétt koma nú með tillögur sem miða að því að bæta hér um betur og má sjá þær hér

að neðan. Ég tel jafnframt að þessar tillögur séu ekki meira íþyngjandi en þær sem nú þegar eru í gildi.

Ég legg til eftirfarandi sóttvarnaaðgerðir innanlands og á landamærum frá og með 18. mars 2021. Breytingar frá núverandi aðgerðum eru feitletraðar í tillögunum hér að neðan:

1. Ný reglugerð taki gildi 18. mars 2021 og gildi í þrjár vikur.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði áfram miðaðar við 50 manns með ákveðnum undantekningum sem tilgreindar eru sérstaklega hér að neðan. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin.
3. Náandarregla verði áfram almennt tveir metrar með ákveðnum undantekningum sem tilgreindar eru hér að neðan. Grímuskylda og leiðbeiningar verði óbreyttar. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin.
4. Sund- og baðstaðir verði áfram opnir fyrir 75% af leyfilegum hámarksfjölda gesta. Börn fædd 2005 og síðar teljist ekki með.
5. Líkamsræktarstöðvar verði áfram opnar fyrir 75% af hámarksfjölda og eftirfarandi takmörkunum:
 - a. Sótthreinsun búnaðar á milli notenda verði á ábyrgð rekstaraðila.
 - b. Tækjasölum skuli skipt í hólfi þar sem 50 manna hámark sé í hverju hólfi. Gæta skuli að tveggja metra nálægðarreglu og þess gætt að loftræsting sé góð.
 - c. Allir séu fyrirframskráðir í tíma þannig að skráning sé til yfir hver var hvar og hvenær og smitrakning því auðveld.
 - d. Hver tími sé að hámarki 60 mín og viðvera hvers iðkanda í húsi sé því aldrei lengri en 90 mínútur.
 - e. Við komu í hús sé tryggt að allir sóttthreinsi hendur og beri grímur þar til æfing hefst.
 - f. Eftir æfingu sóttthreinsi allir hendur áður en búnaður er sóttthreinsaður.
 - g. Eftir æfingu (þegar hendur hafa verið sóttthreinsaðar) sóttthreinsi allir þann búnað sem þeir notuðu. Rekstraraðili ber ábyrgð á sóttthreinsun búnaðar.
 - h. Við útgöngu sóttthreinsi fólk hendur.
 - i. Engir tveir tímar liggja saman svo tveir hópar eru ekki að mætast í rýmum hússins, eins og anddyri.
 - j. Milli hópa séu salerni, vaskar og aðrir snertifletir sóttthreinsaðir af starfsmanni.
 - k. Í sameiginlegum rýmum skal tryggja tveggja metra nálægðarreglu og þegar því verður ekki við komið skal andlitsgríma notuð.
6. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertingar í íþróttum innan sem utan ÍSÍ verði áfram heimilar. Hámarksfjöldi fullorðinna og barna í hverju hólfi í keppni og æfingum verði 50 manns. Börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með. Sameiginleg búningsaðstaða verði opin. Gæta skal að því að búningsaðstaða sé þrífín og snertifletir sóttthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sóttthreinsuð a.m.k. tvisvar á dag og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.

Íþróttá- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyrta Íþróttá- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

Um hámarksfjölda barna á íþróttáæfingum gilda sömu fjöldatakmörkanir og í skólstarfi.

Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilar með áhorfendum skráðum með nafni, kennitölu og símanúmeri í númeruð sæti. Hámarksfjöldi áhorfenda í hólfi verði 200 manns þar sem allir verða sitjandi í númeruðum sætum. Sala og neysla veitinga verði ekki leyfð.

Á skíðasvæðum verði leyfilegt að taka á móti 75% af hámarksfjölda svæðanna. Í gildi verði tveggja metra nándarreglan og þar sem henni verður ekki við komið verði grímuskylda. Um veitingasöldu gildi sömu reglur og á almennum veitingastöðum.

Ofangreindar reglur gildi um sambærilegar hugaríþróttir og skák s.s. félagsvist og bingó.

7. Sviðslistir, kórastarf og menningarviðburðir:

- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 50 starfsmenn á sviði. Grímur verði notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Leitast verði við að viðhafa eins metra nándarreglu. Gætt verði að handhreinsun og sóttthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
 - b. Heimilt verði að taka á móti allt að 200 sitjandi gestum í hverju hólfi og þeim gert skylt að nota grímu nema þegar neytt er drykkjar eða neysluvöru. Leitast verði við að viðhafa a.m.k. eins metra metra nándarreglu. Börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með. **Hlé á sýningum verði ekki leyfð nema þegar framkvæmd sýningar krefst þess. Sala og neysla veitinga verði ekki leyfð á viðburði.**
 - c. **Umgengni í hverju hólfi uppfylli gildandi leiðbeiningar þannig að koma megi í veg fyrir blöndun milli hólfá.**
 - d. **Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.**
8. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga þ.á.m við útfarir verði að hámarki 200 gestir; eins metra nándarregla verði tryggð sem og gestum skylt að nota grímu. **Gestir verði í númeruðum sætum og skrá haldin yfir gesti.** Hámarksfjöldi í erfidrykkjum verði 50 manns.
9. Verslanir megi taka á móti 5 einstaklinum á hverja 10 m² að hámarki 200 manns. 50 starfsmenn mega vera í sama rými og viðskiptavinir. Gætt skuli að tveggja metra nándarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
10. Söfn og aðrir opinberir staðir megi taka á móti 5 einstaklinum á hverja 10 m² að hámarki 200 manns. Gætt skuli að tveggja metra nándarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
11. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi vera opnir til kl. 22 með 50 manna hámarki í rými og aðeins afgreitt í númeruð sæti og gestir skráðir. Heimilt verður að

hleypta inn nýjum viðskiptavinum til kl. 22 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 23:00. Gætt skuli að tveggja metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.

12. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 22 og gestir verði að hámarki 50 í rými og aðeins afgreitt í númeruð sæti og gestir skráðir. **Hlaðborð verði ekki leyfð og vínveitingar einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verði að hleypta inn nýjum viðskiptavinum til kl. 22 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 23:00.** Gætt skuli að tveggja metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
13. **Ég tel einnig rétt að skýra betur í reglugerð að undanþága vegna vinnusóttkvíar gildi einungis fyrir þá sem koma hingað til lands vegna nauðsynlegra vinnutengdra verkefna og að allt að 10 daga getur tekið að afgreiða umsókn. Íþróttaviðburðir atvinnumanna falla undir þetta. Ekki verði hægt að sækja um ferðamannasóttkví á grundvelli vinnusóttkvíar.**
14. Vegna aðgerða á landamærum:
 - a. Öll börn sem eru með vottorð um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 eða bólusetningu gegn COVID-19 verði undanþegin aðgerðum á landamæru. Sömu skilmerki gildi um vottorð og hjá fullorðnum.
 - b. Öll börn sem ekki eru með vottorð um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 eða bólusetningu gegn sjúkdómnum þurfi ekki að framvísa neikvæðu PCR-vottorði fyrir COVID-19 fyrir komu en þurfa að undirgangast PCR skimun á landamærum við komu. Sýni hjá börnum má vera frá nefkoki, hálsi eða munn. Ekki verði þörf á 5 dasga sóttkví eða seinni skimun ef fyrsta sýni er neikvætt. Ef sýni er jákvætt þarf barn að dvelja í einangrun samkvæmt núgildandi leiðbeiningum.
 - c. Kanna þurfi hvort ekki sé hægt að skylda alla sem þurfa að vera í 5 daga sóttkví eftir fyrri (neikvæða) sýnatöku að dvelja á sérstökum hótélum þar til niðurstaða úr seinni sýnatöku liggur fyrir. Einungis þeir sem sýnt geti fram á með sannfærandi hætti að þeir hafi viðunandi húsnæði til að dvelja í verði undanþegnir dvöl á hóteli.
 - d. Einstaklingum með jákvætt PCR próf verði gert að dvelja í einangrun í farsóttarhúsi sérstaklega ef þeir greinast með eitt hinna þriggja meira smitandi afbrigði SARS-CoV-2 (B. 1.1.7, B.1.351, P.1).
 - e. **Bólusetningavottorð og vottorð um fyrri covid sýkingu utan EES svæðisins verði tekin gild eins og vottorð innan EES svæðisins. Sömu kröfur verði gerðar til allra vottorða.**